

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

142. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 24. ágúst 2016 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður, Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður og Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Eigendastefna fyrir þjóðlendur.
2. Bréf frá Bændasamtökum Íslands
3. Veiðilendur
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. 1509120 Bréf frá forsætisráðuneytinu dagsett 27. júlí 2016, þar sem beðið er um umsögn um tillögu að eigendastefnu fyrir þjóðlendur sem byggðaráð vísaði til landbúnaðarráðs. Landbúnaðarráð hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemd við hana að svo stöddu en telur mikilvægt að haft verði náið samband við Samband íslenskra sveitarfélaga um framgang málsins.
2. 1608012 Bréf frá Bændasamtökum Íslands um ályktun Búnaðarþings 2016 um fjallskil. Landbúnaðarráð telur að framkvæmd fjallskila í Húnaþingi vestra samræmist bæði lögum og fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.
3. 1605056 Bréf frá umhverfisstofnun um endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014 – 2016. Lagt fram til kynningar
4. Veiðilendur. Landbúnaðarráð leggur til við sveitarstjórn að íhuga bann við rjúpnaveiði í landi og á umráðasvæði sveitarfélagsins í vetur.
5. Önnur mál
 - a. Rætt um skráningu á fjallskilaskyldu búfé. Vandamálið virðist bundið við Víðidal en nokkuð virðist vera um að eigendur hrossa sem gangi þar árlangt skrái hrossin annars staðar þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á um það í 10. gr. fjallskilasamþykktar Húnaþings vestra. Sveitarstjóra falið að kanna hjá Matvælastofnun hvaða úrræði eru fyrir hendi.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:50

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Þórarinn Óli Rafnsson

Guðný Hrund Karlsdóttir